

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 46/2020

frá 20. mars 2020

### um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1119 frá 28. júní 2019 um viðurkenningu á nýtnum ytri ljósabúnaði með ljósdíóðum sem notaður er í ökutækjum með brunahreyfil og í tvinnrafökutækjum, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21aezc (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/583) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21aezd. **32019 D 1119**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1119 frá 28. júní 2019 um viðurkenningu á nýtnum ytri ljósabúnaði með ljósdíóðum sem notaður er í ökutækjum með brunahreyfil og í tvinnrafökutækjum, sem ekki eru ætluð fyrir ytri hleðslu, sem nýsköpunartækni til að draga úr losun koltvísýrings frá fólksbifreiðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (Stjtið. ESB L 176, 1.7.2019, bls. 67).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1119, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 176, 1.7.2019, bls. 67.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 21. mars 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 20. mars 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

**Clara Ganslandt**

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.